

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/276/EB frá 19. apríl 2007 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/345/EB frá 10. maí 2007 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar (VHS) og/eða iðradreps (IHN) ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/275/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„– **32007 D 0276:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/276/EB frá 19. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 34).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 121, 8.5.2002, bls. 6.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 136. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/677/EB) í hluta 1.2:

„137. **32007 D 0275**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

Ákvæði þessarar gerðar taka einnig til Íslands að því er varðar svið sem falla undir þær tilteknu gerðir sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“

3. Brott falli texti 113. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB) í hluta 1.2.
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:

„– **32007 D 0345**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/345/EB frá 10. maí 2007 (Stjtíð. ESB L 130, 22.5.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/275/EB, 2007/276/EB og 2007/345/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.